

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 6. fundur.

að Hlíðavegi 6, MIÐVIKUDAGINN 22. september 2010, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Málefni fyrir fund með Fjárlaganefnd Alþingis.
3. Erindi frá Sólveigu Erlu Hinriksdóttur f.h. Birkiholts ehf. ósk um breytingu á deiliskipulagi í Birkilandi.
4. Bréf frá Þórði H. Ólafssyni f.h. stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs.
5. Deiliskipulag í Bjarnarflagi, áherslur sveitarstjórnar.
6. Erindi frá Þorgeiri Gunnarssyni f.h. Sólsetursins, styrkbeiðni.

Til kynningar:

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 10. sept.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik Jakobsson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 6 yrði bætt á dagskrána, jafnframt að tekin verði inn til kynningar fundargerð vinnuhóps um sameiningarkosti á svæði Eyþings dags. 3. sept.
Samþykkt samhljóða.

2. Málefni fyrir fund með Fjárlaganefnd Alþingis.

Fyrir dyrum stendur fundur sveitarstjóra og oddvita með Fjárlaganefnd Alþingis. Þar sem um stuttan fund er að ræða er mikilvægt að forgangsraða þeim málefnum sem koma þarf á framfæri. Sveitarstjóra og oddvita falið að lista upp þau mál sem mikilvægust eru að mati sveitarstjórnar.

3. Erindi frá Sólveigu Erlu Hinriksdóttur f.h. Birkiholts ehf. ósk um breytingu á deiliskipulagi í Birkilandi.

Með bréfi óskar Sólveig f.h. Birkiholts ehf. eftir að gerðar verði eftirfarandi breytingar á grein 4.2 í byggingarskilmálum í deiliskipulagi fyrir Birkiland.

Fylgiskjal 1

Grein 4.2. Húsgerð, fyrir breytingu

Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt hús þar sem hámarksstærð grunnflatar er allt að 120m² og lágmarksstærð er 27m². Þó er heimilt að fá leyfi til þriggja ára fyrir aðstöðuhús allt að 15m² að stærð meðan á smíði aðalhúss stendur. Heimilt er að sækja um leyfi til frambúðar fyrir aðstöðuhúsið, sé aðalhús að lágmarki 20m² stærra en aðstöðuhúsið.

Húsin skulu vera á einni hæð, heimilt er þó að vera með svefnloft, en það er ekki reiknað með inn í heildarstærð húsa. Hámarksheildarhæð húsa er 5,3 m. Þakhalli má vera á bilinu 0°- 45°. Staðsetning innan byggingarreits er frjál. Sé um tvö hús að ræða þ.e.a.s. aðalhús og aðstöðuhús má hámarksfjarlægð milli húsanna ekki vera meiri en 10 m.

Stefna húsa er frjál, en æskileg stefna á þessu svæði er norður – suður með aðalverönd við suður og vesturhlið. Lámarsfjarlægð milli húsa aðliggjandi lóða er 30m. Byggingarnefnd getur í sérstökum tilvikum vikið minniháttar frá framangreindum skilmálum. Vegna sérstakrar náttúru og landslags svæðisins er lögð rík áhersla á að hönnuðir taki fullt tillit til framangreindra þátta við hönnun og staðsetningu fyrirhugaðra húsa.

Grein 4.2 Húsgerð, eftir breytingu

Á hverri lóð er heimilt að byggja tvö hús þar sem hámarksstærð grunnflatar *beggja húsanna er allt að 180 m² og lágmarksstærð er 45 m². Séu byggð tvö hús, má annað húsið ekki vera stærra en 25m² að flatarmáli og hitt húsið verður að vera að lágmarki 20m² stærra.*

Húsin skulu vera á einni hæð, heimilt er þó að vera með svefnloft og kjallara, en þau rými eru ekki reiknuð með inn í hámarksstærð húsa, heldur einungis aðalhæð húsa. Hámarksheildarhæð húsa er 5,3 m. mælt frá gólfplötu aðalhæðar og uppá efstu brún þaks. Innan byggingarreits hvorrar lóðar er gefinn upp hæðarkóti á hæsta leyfilega þakflöt húsa.

Þakhalli má vera á bilinu 0°- 45°. Staðsetning innan byggingarreits er frjál. Sé um tvö hús að ræða má hámarksfjarlægð milli húsanna ekki vera meiri en 15 m.

Stefna húsa er frjál, en æskileg stefna á þessu svæði er norður – suður með aðalverönd við suður og vesturhlið. Lámarsfjarlægð milli húsa aðliggjandi lóða er 30m. Vegna sérstakrar náttúru og landslags svæðisins er lögð rík áhersla á að hönnuðir taki fullt tillit til framangreindra þátta við hönnun og staðsetningu húsa.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu en telur að í fjórða lið vanti að setja í texta viðmið fyrir hæðakóta lóða. Þegar úr þessu hefur verið bætt er sveitarstjóra falið að fara með málið skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997.

4. Bréf frá Þórði H. Ólafssyni f.h. stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs.

Með bréfi dags. 8. sept. kemur Þóður H. Ólafsson framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs á framfæri svörum stjórnarinnar við athugasemdum sveitarstjórnar við tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn. Fjörugar umræður urðu um málið. Í bréfinu kemur fram að ekki er farið að vilja og óskum sveitarstjórnar í veigamiklu máli. Sveitarstjórn áréttar að mikilvægt er að viðhalda og byggja upp Öskjuveg F88. Sveitarstjóri og oddviti munu eiga fund með umhverfisstjórnunum í næstu viku þar sem óánægju sveitarstjórnar verður komið á framfæri.

5. Deiliskipulag í Bjarnarflagi, áherslur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn telur mikilvægt að í þeirri deiliskipulagsgerð sem nú er í vinnslu í Bjarnarflagi verði tekið tillit til fleirri þátta en orkuvinnslu. T.d. væri eðlilegt að skilgreind verði svæði undir ylrækt hvers konar, tryggja þarf aðkomu að „rúgbrauðsbakaríum“ og eðlilegt að í upphafi sé gert sé ráð fyrir göngustígum um svæðið.

6. Erindi frá Þorgeiri Gunnarssyni f.h. Sólsetursins, styrkbeiðni.

Með bréfi óskar Þorgeir f.h. notenda Sólsetursins eftir því að sveitarstjórn felli niður gjald fyrir notkun af íþróttasal Íþróttamiðsvöðvarinnar einu sinni í viku frá október til loka apríl. Í bréfinu kemur fram að hreyfing sé góð geðrækt og að s.l.vetur hafi allt að 12 manns mætt í tímana sem Sólsetrið var með. Í hópnum var fólk á öllum aldri, báðum kynjum og af ýmsu þjóðerni. Í niðurlagi bréfsins vill bréfitari benda á að stærsti hluti notenda er atvinnuleitendur, öryrkjar og grunnskólanemar með lítil fjárráð.

Sveitarstjórn samþykkir að styðja Sólsetrið um 78.400 krónur, sem er sú upphæð sem 1 klst á viku í íþróttasalnum kostar fyrir tímabilið okt.-apríl. Sveitarstjórn vill taka fram að veittur var styrkur til Sólsetursins í vor og að öryrkjar fá frítt í íþróttahúsið. Einnig fær íþróttafélagið styrk frá sveitafélaginu.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik Jakobsson.